



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

símafundur 7. nóvember 2011 kl. 09.30

Af stjórn eru mætt; Íva, Sigurdís sem ritar fundargerð, Steingerður sem er í varastjórn og Davíð framkvæmdarstjóri MSS.

Helstu verkefni framundan:

Næstu FAM- og Pressuferðir um Suðurland

Nú er tími famferða og pressutíma. Davíð var með kynningu fyrir finnska agent í Reykjavík um síðustu helgi.

Nýbúin með ferð með innlendum ferðaskrifstofum og heimsótti þá þjónustuaðila í Árnassýlu, 2 aðrar samskonar ferðir framundan um Ranárvallasýslu og um austurlandið.

Helgina 12-13. nóvember verða bandarískir blaðamenn á ferðinni með Davíð.

Fljótlega fleiri ferðir eftir áramót. Kostnaður við þessar ferðir er mikill og hafa sumir sem eru að koma í ferðirnar viljað fá að borga lágmarks greiðslu. Davíð vinnur í því að reyna að fá styrk frá Inspired by Iceland til að fjármagna ferðirnar.

Fundur framundan með Íslandsstofu og Ferðamálastofu til að fá þau í samstraf við MSS við þessar ferðir. Hafa sýnt litil samstarfsvilja og vinna þarf í því að fá þau til að sjá ljós í að vinna með landsbyggðinni.

Stuðningur Iðnaðarráðneytisins v. náttúruhamfara

MSS fékk 3 milljónir í styrk vegna náttúruhamfaranna núna í ár. Setjast á þarf niður og ákveða hvernig verja á þessum fjármunum.

Sýning í Ráðhúsinu mars 2012

Búið er að festa ráðhúsið fyrir eins sýningu og við vorum með í mars 2011. Leggja á áherslu á matvælaklasana. Sýningarhelgin verður 16-17 mars. Búa þarf til samráðshóp til að vinna undirbúningsvinnuna fyrir sýninguna. Skipta þarf niður verkum og þarf að vera skýr verkaskipping og vel haldið utan um allt saman. Mikill áhugi fyrir matvælakynningunni hjá sveitastjórnarfólki.

Kynningarefni vegna aksturhringir um Suðurland

Kort sem gert var á síðasta ári hefur verið vinsælt. Kynna þarf Suðurstrandarveginn núna þar sem hann er tilbúinn. Davíð búið að kaupa auglýsingu í Iceland express, spurning að kaupa í fleirum blöðum og vekja athygli á veginum.

Gerði ófromlega samning við vegahandbókina í síðustu viku varðandi kynningu á akstursleiðum um suðurland.

Áætlunargerð fyrir árið 2012

Framundan að vinna nýja fjárhags- og aðgerðaáætlun sem gott er að vinna eftir, nauðsynlegt fyrir starfsemi MSS að hafa skýrann og ákveðinn ramma til að fylgja.

Önnur mál

Sveitarfélögin hafa verið að leita til Davíðs, leita í smiðju MSS með ráðgjöf og fl. Stjórnung fagnar mjög að Mss skuli vera með vægi í ráðum.

Verið að vinna á fullu í heimasíðu og núna verið að vinna að setja upp snjallsíðu kóða á síðuna. Viðburðardagatal þarf að vinna meira og endurskoða í samstarf við Upplýsingamiðstöðina.

Mss kemur að kortlagningu á korti varðandi vetrarferðamennsku

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 10:00.